

Lönaðarráðherra Katrín Júlíusdóttir

Umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Félagið Vinir Þjósárvera tekur undir og styður það sem fram kemur í tillögu að þingsályktunartillögu um að setja Norðlingaölduveitu í verndarflokk. Í því sambandi vil félagið benda á:

Í tillögu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar í Náttúruverndaráætlun 2004-2009 sem gefin var út vorið 2003 er lagt til að friðlandið í Þjósárverum verði stækkað. Í skýrslu Umhverfisstofnunar er svæðinu lýst sem stórbrotnu landslagi, fjalllendi, jökli, votlendi og áreyrum. Þar eru sagðar vera fjölbreyttar búsvæðagerðir, mýrar, flár, flæðiengi, vötn, tjarnir og sífreri á hálendi allt upp í 1100 m hæð. Þjósárver eru sögð vera einstætt vistkerfi á heimsvísu, afar tegundarík og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum.

Í bókun Samvinnunefndar miðhálandisins frá 13. janúar 2005 s.l. segir m.a.: „Landslagsheild Þjósárvera nær langt útfyrir núverandi mörk friðlands og því er framkvæmdin í heild sinni mikið umhverfisrask á stóru svæði sem skilur eftir sig stærri sár í landinu heldur en tillaga í gildandi svæðisskipulagi gerir ráð fyrir.”

Í skýrslu sem Jack D. Ives vann fyrir Landvernd segir um mörk friðlandsins: „Athygli vekur að núverandi mörk friðlandsins eru beinar línur sem hafa verið dregnar með tilviljunarkenndum hætti þvert yfir náttúrulega heildstæð svæði og ná hvorki yfir votlendið í heild né heldur til aðliggjandi eyðisanda og jökla. Hefðu mörkin verið vel skilgreind frá upphafi hefðu ekki risið þær deilur sem nú eru uppi um nýtingu vatnsafls þarna”.

Í skýrslum sem þeir Roger Crofts og Ives unnu fyrir Landvernd um Þjósárver (ágúst 2004) kemur fram að rík á sæða er til að ætla að Þjósárver og aðliggjandi svæði búi yfir þeirri sérstöðu að svæðið geti átt heima á heimsminjaskrá UNESCO.

Ives segir í skýrslu sinni: „Ég geri ráð fyrir því að ef mörk friðlandsins yrðu

stækkuð þannig að þau næðu til Kerlingarfjalla, hluta aðliggjandi eyðisanda, og alls Hofsjökuls væri um að ræða svæði sem kæmi sterklega til greina til skráningar á Heimsminjaskrá UNESCO.” Og Crofts hefur þetta um málið að segja: „Þótt ég telji Þjórsárver hafa alþjóðlegt gildi, krefst það frekari athugunar að meta hvort þau standist kröfur heimsminjaskrár um einstakt fyrirbæri á heimsvísu. Eiginleikar svæðisins og mikilvægi þess að vistkerfið í heild starfi eðlilega renna traustum stoðum undir umsókn um skráningu þess.

Ofarlega í Þjórsá eru þrjár fossar sem hafa mikið aðdráttarafli og teljast af mörgum einir merkustu fossar landsins. Til dæmis er Dynkur án efa einn af helstu fossum landsins. Þessum fossum yrði spillt með Norðinlingaölduveitu.

Nýlega er fram komin tillaga um Hofsjökulspjóðgarð þar sem Þjórsárver yrðu eitt mikilvægasta svæðið.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Jónsdóttir, formaður